

### #3 Hákon Jóhannesson - 08.04.2020

Kópavogur 8.4.2020

Umsögn um frumvarp til kosningalaga.

Ég vil fyrst þakka fyrir tækifærið á að senda inn umsögn um þetta mikilvæga málefni. Það er löngu tímabært að uppfæra þennan mikilvæga þátt í lýðræðinu.

Þessi umsögn mín er ekki endanleg um frumvarpið; enda hefur tími til þessa í ljósi aðstæðna í dag verið mun minni en ella. En ég læt fylgja hér hugleiðingar og gagnrýni á tiltekna verkþætti í kosningaferlinu sem lýst er í þessum drögum að frumvarpinu. Ég vona að framsetningin sér skýr og að þetta nýtist.

„Markmið frumvarpsins er að styrkja lýðræði með því að viðhalda trausti á framkvæmd kosninga og tryggja að beinar, frjálsar og leynilegar kosningar séu haldnar reglulega. Meginefni frumvarpsins lúta að breyttri stjórnslu kosninga og einföldun regluverks.“

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2669](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2669)

„87. gr. Stimplun kjörseðils. Eigi kjósandi rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni skal kjörstjórn eða fulltrúi hennar stimpla bakhlið kjörseðilsins án þess að sjá hvernig kjósandi hyggst greiða atkvæði. Kjósandi skal síðan leggja seðilinn í atkvæðakassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.“

Það vakti strax athygli mína tillögur um notkun „stimpils“ í ferlinu.

Fulltrúi (kjörstjórn) með stimpil í hönd á að stimpla kjörseðil í framhaldi af því að kjósandi merkir við á seðlinum. Hugmyndin er væntanlega að „gilda“ athöfnina – skráningu kjósanda á atkvæðaseðil. Eða kjörseðilinn sjálfan?

En þetta er að mínu mati undarlegt verklag, svo ekki sé meira sagt.

Lágmarkskrafan varðandi þetta er skýr: Kjörgagnið á að vera tilbúið til notkunar fyrir viðskiptavininn - kjósandann. Ekki hálfkarað.

Þetta frumvarp til kosningalaga er um 96 síður og í því er rætt um 30 sinnum um þessa „stimplun“.

Ítrekað er hamrað á því að af þessum breytingum leiði „aukið öryggi og hagkvæmni af því nýmæli að kjörseðlar skuli stimplaðir í lok kosningarathafnar“. Ekki kemur fram nánari lýsing á meintum ávinningi.

Í nútíma verkferlum þar sem gæði eru í fyrirrúmi og öryggis er krafist er áhersla lögð á þætti eins og áreiðanleika, rekjanleika og skráningar. Hugtakið „rekjanleiki“ kemur hvergi fram í þessu skjali.

Í þessum tillögum á hins vegar að draga úr tilteknum rekjanleika kosningaferilsins - kjörseðilsins sem er eitt megin kjörgagnið. Eins fram kemur hér: Kafli IV (8). „Ekki verði haldið sérstakt bókhald eða uppgjör um fjölda“notaðra og ónotaðra kjörseðla.“

Það eru að mínu mati mjög alvarlegir annmarkar á þessari tillögu og skal ég koma inn á fleiri atriði. Eins og ég tiltók er þetta ekki tæmandi listi athugasemda við frumvarpið sem ég hef.

Í lýðræðissamfélagi er eina vopn og úrræði borgaranna að kjósa sér fulltrúa. Kjósa eftir sinni bestu getu og óskum. Kosningar verða að vera markvissar, skýrar og öruggar. Framkvæmd þeirra verður að vera einföld; ferlið þarf að bera og endurspeglar hagsmuni kjósenda fyrst og fremst og kjósandanum verður að sýna tilhlýðileg virðing!

Í drögum að þessu frumvarpi er það það ítrekað lagt til að utanaðkomandi aðili „gildi“ atkvæðaseðilinn - val kjóсандans með einhverjum óskilgreindum „stimpli“ og mögulega stimpli á óskilgreindum stað á bakhlið seðilsins - sem býður mögulega upp á auðkenni.

Á sama tíma er lagt til að rekjanleiki í tengslum við framleiðslu, geymslu og dreifingu þessa kjörgagns sé lagt niður. Ég get ekki séð að slíkt muni auka áreiðanleika eða öryggi kosninga.

Ég einfaldlega mótmæli þessari tillögu með öllu og legg til að það sé kjósandinn sem höndli síðastur manna sinn kjörseðil.

Grundvallaratriði í þessu ferli eru eftirfarandi:

1. Það er einfaldlega með öllu óboðlegt að utanaðkomandi aðili eigi við kjörseðilinn eftir að kjósandinn hefur gengið frá honum. Þetta er hans atkvæði, viðvera hans staðfest og skráð, hann skráir ákvörðun sína niður á kjörseðilinn - sem síðan er brotinn saman; lagður í innsiglaðan atkvæðakassa í viðurvist fjölda fulltrúa og það á að duga til.

2. Rekjanleiki kjörgagna er þáttur sem ekki á að leggja á herðar kjósandans þann hátt sem hér er lagt til.

Önnur alvarleg athugasemd sem ég vil tiltaka nú og felur í sér rökvillu.

Í 102. gr. eru tilteknir þættir sem geta leitt til ógildingar kjörseðils. Í f. lið má lesa: „kjörseðill hefur ekki verið stimplaður af kjörstjórn eða kjörstjóra.“

Skoðum greinina í heild sinni og sérstaklega f. lið.

„102. gr. Mat á gildi atkvæða við kosningar. Atkvæði sem greitt er á kjörfundi við kosningar til Alþingis, sveitarstjórna eða við forsetakjör skal meta ógilt ef: a. kjörseðill er auður, b. atkvæði kjósanda er ekki merkt með X í ferninginn, sbr. 1. mgr. 83. gr. og 1. mgr. 84. gr., c. ekki má með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista eða frambjóðanda kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt, d. ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, e. kjörseðill er ekki sá sem landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn hefur látið gera skv. XI. kafla, f. kjörseðill hefur ekki verið stimplaður af kjörstjórn eða kjörstjóra.“

Þarna er það undir „stimplun“ kjörstjórnar komið hvort að atkvæði kjósanda skili sér. En það er verkþáttur sem er ekki undir kjósandanum kominn!

Aðgerðarleysi utanaðkomandi aðila leiðir skv. þessu til ógildingar kjörseðils kjósanda.

Í ljósi þessara atriða þarf að vinna umræddar tillögur frá grunni.

Virðingarfyllst,

Hákon Jóhannesson

Bein slóð á umsögn: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2669&uid=a8a9a5f6-f479-ea11-9b94-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2669&uid=a8a9a5f6-f479-ea11-9b94-005056bcce7e)